



Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Ársskýrsla 2009



Samantekt

Starfsárið 2009 hefur einkennst af mikilli vinnu við námskrá, miklum fjölda nemenda sem og mikill vinnu við að styrkja nemendur, góða sem „slakari“ með sértækum aðgerðum. Einnig var mikið kapp lagt á að efla samstöðu og samkennd í ljósi þess erfiða ástands sem tröllriðið hefur íslensku samfélagi.

Í fyrsta sinn frá því undirritaður kom að skólanum, - með einni undantekningu, hófst haustönn þannig að ekki væru einhverjar framkvæmdir í gangi. Þó svo viðhalds- og byggingarframkvæmdum sé formlega lokið þá eru óuppperð mál og ósætti um eitt og annað og lokaúttektir m.a. brunayfirvalda eftir.

Áfram var unnið við þróun innra starfs skólans, við sjálfsmat, endurskoðun skólanámskrár og endurskoðun ýmissa verkferla.

Í heild gekk starfsemi skólans vel en erfiðast var við að eiga óljósa stöðu mála gagnvart nemendatölum lengi fram eftir ári.

Með nýju húsnæði haustið 2006 skapaðist svigrúm fyrir verulega fjölgun nemenda, bæði í hefðbundið nám sem og á starfsbraut. Umsóknum nemenda hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár og nemendum skólans fjölgað jafnt og þétt. Vorönn 2009 fór af stað með ríflega 800 nemendum og hafa vorannarnemendur aldrei verið fleiri. Mikil aðsókn nemenda var einnig við innritun fyrir haustönn 2009 og enn fjölgaði nemendum en höfðatalan var hátt í 830. Til að mæta yfirvofandi fjölgun hafði nemendaígildum verið fjölgað um 50 í júní en að auki voru settir niður 10 nemendur sem hafa spjarað sig vel. Við hönnun núverandi bygginga var gert ráð fyrir að skólinn gæti mest þjónað 800 nemendum í dagskólanámi. Því marki hefur þegar verið náð. Gert var ráð fyrir starfsbraut með 15 nemendum en þar eru nemendur í dag 22 og brautin þegar farin að flæða út fyrir það rými sem ætlað er. Þá er nokkurt álag vegna samstarfs við Fjölgreinadeild og að auki eru kennarar starfandi á vegum Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar.

Skólinn er að þjónusta mjög fjölbreyttan hóp nemenda sem krefst ólíkra úrræða sem er kostnaðarsamt. Niðurstaða reksturs var með nokkrum halla á árinu enda voru í senn sveiflur í verðlagi og nemendatölum. Vakin er athygli á því að í þeim liðum þar sem skólameistari hefur raunverulegt vald á málum tókst að draga úr kostnaði. Það voru laun, húsaleiga og fleiri kostnaðarliðir sem ekki tókst að ná utanum. Þar með náðist ekki að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum.

Hópanýting hefur sífellt batnað með fjölgun nemenda á undanförunum árum og var hópanýting rétt um 100% við upphaf haustannar 2009 og rétt um 96% við upphaf vorannar. Vandséð er að unnt verði að hagræða meira á því sviði í rekstrinum. Nemendum almennra brauta sem sækja hefðbundna hægferðarhópa er hætt við brottfalli og mikilvægt að skoða sérmerkingu nemenda á almennum brautum í reiknilíkani. Hópaviðmið hægferða þarf að endurmeta til að unnt verði að sinna þeim hópi með fullnægjandi hætti því að í hægferðum eru nemendur almennrar brautar uppistaðan. Þetta er nauðsynlegt þannig að sanngirni sé í fjárframlögum til skóla sem sinna nemendum á almennum brautum.

Árið 2009

Hlutverk

Flensborgarskólinn starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla að því marki sem þau hafa tekið gildi en annars samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Hlutverk skólans er að sinna kennslu til stúdentsprófs á þeim bóknámsbrautum áfanga- og fjölbrautakerfis sem skilgreindar eru í skólasamningi. Þar er einnig kveðið á um nokkrar styttri starfsnámsbrautir við skólann, s.s. almenna námsbraut, grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina og fjölmiðlatækni. Í skólanum er einnig starfrækt fjögurra ára starfsbraut. Meðfram öllum stúdentsbrautum skólans hefur verið þróað og skipulagt sérstakt íþróttasvið og jafnframt íþróttafrekssvið í samstarfi við íþróttafélög í Hafnarfirði. Einnig gefst nemendum skólans tækifæri á að tengja listnám úr viðurkenndum listaskólum inn á allar stúdentsbrautir á samsvarandi hátt sem listnámssvið.

Flensborgarskólinn á einnig í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, Menntamálaráðuneytið og Iðnskólann í Hafnarfirði um rekstur fjölgreinabrautar sem staðsett er í Menntasetrinu við Lækinn í Hafnarfirði. Sú tilraun hefur staðið í nokkur ár og mun ljúka á þessu ári. Þegar þetta er ritað er óljóst um framhald. Flensborgarskólinn á einnig í samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Samstarf við Menntsetrið við Lækinn hefur verið í lágmarki en kann að eflast með átaki félagsmálaráðuneytis.

Fréttir hafa borist af óskum Grindvíkinga um samstarf en rétt að taka fram að engar marktækar viðræður hafa farið fram. Vilji skólameistara til þess samstarfs er enginn sem stendur.

Flensborgarskólinn lítur á það sem sitt meginhlutverk að búa nemendur sína sem best undir frekara nám á háskólastigi jafnframt því að veita haldgóða almenna menntun, menntun sem nýtist nemendum í daglegu lífi og starfi sbr. 2.gr. laga um framhaldsskóla.

Flensborgarskólinn skilgreinir sig sem þjónustustofnun sem fyrst og miðar að því að bjóða hafnfirskum ungmönnum trausta menntun á þeim sviðum sem skólinn starfar. Þjónustusvæði skólans markast af grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemendur sem ekki eiga heimili í Hafnarfirði eru þó einnig boðnir velkomnir í skólann og skólinn þjónar landinu öllu hvað varðar starfsnám í fjölmiðlun. Flensborgarskólinn þjónar breiðum hópi nemenda, allt frá þeim sem þurfa úrræði á starfsbraut til þeirra sem vilja nám á sérstakri hraðferð til stúdentsprófs.

Nokkur áhersluatriði

Heilsueflandi skóli

Flensborgarskólinn hefur tekið að sér að vera tilraunaskóli í verkefni Lýðheilsustöðvar um heilsueflandi framhaldsskóla. Undirbúningsvinna var mikil á árinu 2009 en verkefnið hefst formlega haustið 2010.

Íþróttafrekssvið

Þessu tengt er íþróttafrekssvið sem á eru um 120 nemendur sem stunda keppni á mörgum sviðum. Meðal þeirra má nefna fjölda keppenda í handknattleik í liðum FH og Hauka, þar á meðal Ólaf Andrés Guðmundsson

landslíðsmann; marga í liðum karla og kvenna í knattspyrnu sömu félaga sem unnu marga sigra á liðnu sumri, sundmenn sem keppa á alþjóðavettvangi, eina bestu mótorkrosskonu landsins, Bryndísi Einarsdóttur og eru þá fáir nefndir.

Almennt um starfsemina á árinu 2009

Þó framkvæmdum sé lokið við skólann þá er eitt og annað sem enn er þörf á að laga. Slíkur listi hefur verið sendur þeim sem utan um halda en fátt breytist. Það er í sjálfu sér ekki ósætti um að greidd sé leiga af húsnæði en alla jafnan fylgir slíkum samningum ábyrgð af háflu leigusala. Það er einnig íhugunaratriði hvort slík leiga á vera tengd markaði eða vísitölu. Hvort um sig hefur kosti og galla. Mestu skiptir þó að leigan sé höfð með í fjárveitingum að fullu.

Í heild sinni gekk starfsemi skólans vel á árinu 2009 og flest þau markmið sem sett voru náðust. Aðsókn nemenda að skólanum var mikil, eins og áður segir og árangur nemenda á prófum góður.

Námsframboð skólans var óbreytt frá fyrri árum og lögð áhersla á að styrkja það námsframboð sem skólinn byggir á og mótar hans sérstöðu.

Skólasamningur:

Í gildi er samningur frá árinu 2009 og verður ekki vísað í hann frekar hér. Stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á að svara öllum erindum til skólans frá menntamálaráðuneytinu er varða starfsemi skólans með formlegum hætti innan eðlilegra tímamarka. Þess er vænst að menntamálaráðuneytið sjái sér fært að gera slíkt hið sama.

Skólanámskrá:

Skólanámskrá skólans var síðast endurskoðuð í heild á árinu 2006. Skólanámskráin er birt í heild sinni á vef skólans en nokkur sérit úr henni eru gefin út reglulega m.a. í tengslum við kynningar til grunnskólanema og foreldra.

Einstakir þættir skólanámskrár eru í sífelldri endurskoðun og á árinu 2009 hefur farið fram mikil umræða um skólanámskrá, í framhaldi af því sem lýst var í skýrslu fyrir árið 2008 en þar segir m.a.:

Á árinu 2008 var í skólanum hafið starf við heildarendurskoðun skólanámskrár í samræmi við ný lög um framhaldsskólann sem tóku gildi 1. ágúst 2008 og eiga að koma til framkvæmda smám saman á næstu þremur árum. Innan skólans verður höfðuðáherslan á þessa námskrárvinnu á árinu 2009 og framan af ári 2010. Gert er ráð fyrir að mótaðar tillögur um nýja skólanámskrá liggi fyrir haustið 2010. Sérstakur þróunarstyrkur að upphæð 3,5 milljónir hefur fengist til þessa verkefnis á árinu 2009.

Flensborgarskólinn mun jafnframt hafa samstarf við aðra skóla í þessari vinnu og þegar er hafið samstarf við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og Mennta-skólann á Egilsstöðum í þessu sambandi.

Á árinu 2009 var enn frekar lagður grunnur þessarar vinnu. Á útmánuðum sóttu sviðsstjórar námskeið um þessi mál auk þess sem kennarar voru hvattir til hins sama. Markmið þessarar vinnu var að tryggja það að hugtakakerfi hinnar nýju námskrár festist strax í sessi. Haldnir hafa verið tveir fundir með FG og ME, annar síðastliðið vor í Garðabæ en hinn í haust er leið á Egilsstöðum.

Við upphaf haustannar var svo sett af stað skipuleg yfirferð á því sem verið er að kenna skv. núverandi námskrá. Var kennurum og fagstjórum reiknaður tími til þeirrar vinnu sem skilaði vissulega mismiklu en mjög miklu þar sem best lét. Stefnt er að því að á vorönn 2010 fari vinnan að mestu í námsbrautir en einnig samhæfingu áfangalýsinga. Ljóst má vera að mikil ritstjórnarvinna er framundan.

Markmiðið er að sníða til þriggja ára brautir að grunni til en jafnframt að byggja á hinu forna einingamati, að minnsta kosti þar til samið hefur verið um annað.

Stofnanasamningar:

Á árinu 2009 var samið um viðauka við stofnanasamning skólans við starfsmenn innan KÍ um störf fagstjóra. Var auknu fjármagni veitt í þann lið og tekið af þróunarstyrk. Samningurinn gildi til áramóta 2009-10.

Sjálfsmat:

Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir sjálfsmat skólans hefur verið til frá árinu 2002 og er skilað til menntamálaráðuneytisins. Þessi áætlun er endurskoðuð árlega.

Sjálfsmat innan skólans er í föstum skorðum og stýrt að sérstökum verkefnastjóra.

Vinnan á árinu 2009 var samkvæmt áætlun og náðust sett markmið við vinnu sjálfsmatsins.

Verkefni skólaársins 2008-9 voru:

Áfangamat unnið með aðstoð námsnets skólans, lagt fyrir í áföngum á málavíði.

Endurmenntun og þjálfun starfsmanna – skoðanakönnun.

Vinna nemenda með skóla.

Bókasafnið og þjónusta þess.

Fjarnám fyrir grunnskólanemendur.

Útskriftarnemar og viðhorf þeirra til skólans.

Hlýtt á nemendur – unnið í kennslustund.

Hlýtt á kennara – unnið á vofundi.

Skýrslur deilda.

Sjálfsmatsskýrslan er á vef skólans.

Almenn námsbraut:

Á árinu 2009 bauð skólinn ekki upp á námsleið samkvæmt AN 1 sem var hugsuð fyrir þá sem lakast eru settir en falla þó ekki undir skilgreiningu fyrir nám á starfsbraut. Í þess stað á skólinn í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og lönskólann í Hafnarfirði um fjölgreinabraut sem er úrræði fyrir samsvarandi hóp nemenda. Samkvæmt samningi við Menntamálaráðuneytið er gert ráð fyrir plássum fyrir 12 nemendur í fjölgreinanáminu en vegna mikillar aðsóknar hefur reyndin verið sú að um 20 nemendur hafa fengið þar nokkra lausn. Haustið 2009 var skipaður vinnuhópur vegna þessa úrræðis. Afstaða skólameistara og þeirra sem að þessu máli koma er að úrræðið sé mikilvægt félagslega og námslega. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að hvorki fjárheimildir skólans né húsnæði geri það mögulegt að flytja það til skólans eða í hús skólans, nema þá að stórum hópi dagskólanemenda verði fórnað í staðinn. Þá er ljóst að þessi hópur mun rekast illa í því kvika samfélag sem

flókinn stór skóli er. Skólinn tók hins vegar, eins og áður, inn nokkurn hóp nemenda sem þurftu úrræði á AN 2, þ.e. nemendur sem höfðu náð einhverju(m) samræmdum prófum en þurfa upprifjun í flestum kjarnafögum og þurfa, a.m.k. sumir hverjir, mikla stoðþjónustu samhliða námi. Í skólanum voru á haustönn rúmlega 100 nemendur, fyrir utan þá nemendur sem voru á starfsbraut, sem höfðu sérstakar greiningar um námsörðugleika. Á AN2 voru 78 nemendur.

Stór hluti nemenda sem innritast á almennar námsbrautir á við mikla námslega og félagslega erfiðleika að stríða og virðast einstök mál þyngjast ár frá ári. Þrátt fyrir að innan skólans hafi verið lögð mikil vinna í að búa til skipulag til að bregðast við þarf á hverju ári að setjast niður og leita nýrra leiða.

Margir nemendur þurfa mjög sérhæfð úrræði sem erfitt er fyrir skólann að mæta þannig að þessir nemendur finni sér stað í námi og starfi.

Rekstur almennrar brautar er erfiður þar sem þorri nemenda á brautinni hefur námslega færni, samkvæmt útkomu á samræmdum prófum, til að sækja nám í hægferðum og reiknast því að stórum hluta samkvæmt viðmiðum almenns hægferðanemanda ekki samkvæmt viðmiðum áfanga á almennri braut. Þessir nemendur eiga í miklum erfiðleikum með að fóta sig í fjölmönnum hægferðar-áföngum (hægferðaráfangar í bóknámi sæta sömu hópastærðarviðmiðum og almennir bóknámsáfangar) og brottfallshætta því mikil. Kröfur um sparnað og aukna hagræðingu hefur leitt til fjölgunar í hægferðarhópum sem aftur hefur áhrif á möguleika kennara til að sinna þessum hópi með fullnægjandi hætti. Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir skóla sem sinna nemendum á almennri námsbraut að nemendur sem flokkast inn á almennar brautir hafi í reiknilíkani sérstakan verðstuðul en reiknist ekki bara þegar hann er í áföngum sem eru sérmerktir með millitöluna 9 í áfanganúmeri.

Þessir nemendur þurfa meiri stoðþjónustu, utanumhald og þeir þurfa að vera í fámennari hópum í öllum áföngum ef árangur á að nást í námi og minnka brottfall úr þessum hópi.

Brottfall nemenda sem eiga við námslega, félagslega eða tilfinningalega erfiðleika að stríða er enn of mikið þrátt fyrr að sífellt sé verið að leita nýrra úrræða.

Sérstaklega þarf að huga að endurskipulagning á námsframboði fyrir þennan hóp nemenda við endurskoðun námskrár sem nú stendur yfir.

Skólinn hefur leitað ráða hjá Rannveigu Lund um notagildi gamalla greininga sem nemendur koma með. Þar kemur fram mikilvægi þess að greiningar séu ekki áragamlar.

Af kennslutengdum málum má nefna að endurskoðun skólanámskrár hefur hleypt af stað ýmsum hræringum. Endurskoðun áfangakeðja t.d. í stærðfræði, tiltektir og skipulagsbreytingar tengdar náttúrufræðigreinum, tilraunir með Portfolio kennslu í tungumálum, breytingar í íþróttum og á afrekssviði, lenging náms í fjölmiðlatækni. Allt eru þetta dæmi. Tveir kennarar fengu styrk til að þróa nýjungar í stærðfræði. Þá hefur öryggisnetið verið þétt með heimanámsáföngum, LKN og því að setja valda kennara í umsjón nýnema.

Kór Flensborgarskólans

Starf Kórs Flensborgarskólans var með miklum blóma. Um 10% nemenda skipuðu kórin. Kór Flensborgarskólans er talin sem ein eining í uppgjöri skólans. Þetta stendur undir um helmingi launa kórstjóra. Annað fjármagn en

laun leggur skólinn ekki til kórsins nema gegn vinnu stöku sinnum. Á móti koma tekjur af miðasölu sem renna beint til kórsins. Að auki starfrækir kórstjóri svokallaðan eldri kór sem er án fjárveitinga frá skólanum. Allt fjármagn sem þarf til efniskaupa (tónverk, möppur, kórþúningar, auglýsingar, prentun o.fl.), ferða, æfingabúða, kóramóta, keppna eða annars kemur með fjáröflunum. Helstu verkefni ársins 2009 voru: tónleikaröðin Vorboðinn ljúfi sem var flutt í Flensborgarskólanum, á Kirkjubæjarklaustri, í Eskifirði og á Höfn á Hornafirði, Þá var vinakvöld á aðventu haldið í skólanum og urðu tveir tónleikar vegna aðsóknar auk fjölda annarra verkefna s.s. Músík og matur (Liður í Björtum dögum.); guðspjónusta í Hafnarfjarðarkirkju (full lengd með messusvörum); hádegistónleikar tvívegis í skólanum; útskriftir við skólann; ýmsar uppákomur á vegum skólans (heimsókn grunnskólabarna, úrslit í stærðfræðikeppni grunnskólabarna, heimsóknir íslenskra og erlendra gesta til skólans eða Hafnarfjarðabæjar o.s.frv.); Syngjandi jól í Hafnarborg; auk söngs fyrir 15 fyrirtæki, félagasamtök og aðra hópa. Dagskrá ársins 2010 er þegar þétt skipuð.

Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans fyrir grunnskólanemendur

Særðfræðikeppnin var fyrst haldin 1995. Nú tóku um 220 hafnafirsk ungmenni þátt í henni hjá okkur en um 1000 nemendur á landsvísu. Verkefnið er rekið sem sjálfstætt verkefni en skólinn styður það heilshugar og framkvæmd þess í orði og verki.

Nemendafélagið

Starfsemi NFF hefur verið í nokkrum blóma umliðin ár. Hópurinn sem starfaði á vorönn skilaði starfi sínu af miklum krafti og tók þokkalega vel í forvarnamál. Helsti þáttur starfseminnar eru dansleikir en að auki hafa verið haldnar vímulausar skemmtanir af öðrum toga einnig s.s. sundlaugapartí, „lasertag“ o.fl.

Erfiðlega gengur þó að aðlaga t.d. busavíglur að hugmyndum þeirra sem þroskaðri telja sig.

Fjármál NFF eru í allþokkalegum farvegi og eru þau sett undir árvökult auga og eftirlit fjármálastjóra. Miðað við umsetningu hér má ímynda sér að velta nemendafélaga og þeirra sem nýta sér viðburði á þeirra vegum sé verulega stór þáttur í hagkerfi nærsamfélaga skólanna.

Starfsbraut

Þjónusta starfsbrautar sem og námsskipulag hefur verið skilgreint í skólanámskrá samkvæmt áætlun. Allt skipulag brautarinnar var endurskoðað í kjölfar úttektar í sjálfsmati skólans sem lá fyrir vorið 2006.

Skipulag starfsþjálfunar fyrir nemendur starfsbrauta eru ekki í nógu góðum farvegi og þarfnast endurskoðunar að hálfu stjórnvalda og skólanna.

Mikilvægt er að skýra aðkomu atvinnulífsins að þessum þætti menntunar-úrræðis nemenda á starfsbrautum.

Jafnframt er mikilvægt að sem fyrst komi skýrar línur frá Menntamálaráðuneyti um framtíðarskipulag starfsbrauta í kjölfar nýrra laga um framhaldsskólann.

Húsnæði starfsbrautar er meira en fullnýtt en alls stunduðu 22 nemendur nám á brautinni á haustönn 2009. Gert var ráð fyrir 15.

Í samráði við menntamálaráðuneytið er um að ræða blandaða starfsbraut með einstaklingum sem þurfa mjög mismunandi þjónustu.

Starfsemi brautarinnar gekk mjög vel á árinu og allir nemendur brautarinnar sýndu verulegar framfarir hvort heldur litið er til námslegrar eða félagslegrar færni. Rekstur brautarinnar hefur verið fjárhagslega mjög erfiður undanfarin ár. Fjölgun nemenda hefur þó leitt til meiri hagkvæmni í rekstri en var fyrstu árin.

Þrátt fyrir það er enn halli á rekstri brautarinnar.

Það er vilji stjórnenda að nemendur úr Hafnarfirði hafi meiri forgang á brautina en nemendur utan bæjarins.

Menntun nýbúa:

Þjónusta við menntun nýbúa hefur verið skilgreind. Hér er um að ræða hóp nemenda með mjög ólíkan bakgrunn og forsendur. Í skólanum er nokkur hópur nýbúa sem fylgir almennri námskrá og stendur sig almennt mjög vel í námi.

Sérstakt framlag til íslenskukennslu sem unnt er að sækja um gjörbreytir möguleikum skólans til að sinna þeim hópi sem innritast til náms með litla getu og færni í íslensku máli.

Gott samstarf er við samtök sem sjá um skiptinema (AFS / ROTARY) og hefur skólanum borist hrós vegna þessa.

Dreifnám og upplýsingatækni:

Innan skólans hefur á undanförunum árum verið unnið að þróun fjarkennslu sem hingað til miðast þó fyrst og fremst við að þjóna grunnskólanemendum í Hafnarfirði sem hafa hæfni og getu til að stunda nám í framhaldsskóla í einstaka námsáföngum samhliða grunnskólanámi.

Skólinn gæti með mjög skjóttum hætti boðið fjölbreytt fjarnám ef auknar fjárheimildir fyrir fleiri ársnemendur fást á fjárlögum.

Að öðru leiti er vísað til bréfaskrifta milli skólans og ráðuneytis frá sérstaklega desember 2009 til janúar 2010. Sú niðurstaða sem þar fékkst var afleit og ítrekuð mótmæli stjórnenda. Við teljum því máli fjarri lokið.

Húsnæðismál

Nánast allt húsnæði skólans var tekið í gegn og telst öll aðstaða mjög góð.

Þó eru atriði sem þarf að laga s.s. gardínur í matsal, öryggiskerfi o.fl. auk þess sem starfsmenn telja sumt lakara er sett var upp en fyrir var s.s.

skjáauglýsingakerfið og þráðlaust net. Þessu er haldið til haga. Ekki hefur verið gengið frá öllum málum vegna verktaka og enn er ekki búið að ganga svo frá öryggismálum að hægt sé að halda rýmingaræfingu.

Nemendafjöldi, verkefni og breytingar á starfseminni.

Á árinu 2009 var Flensborgarskólanum áætlaðir 740 ársnemendur á

fjárlögum, aukið var um 50 á miðju ári en í uppgjöri ársins reyndust þeir 772.

Við innritun vegna haustannar 2009 bárust alls á fimmta hundrað umsókna til skólans frá nemendum í 10. bekk. Ekki komu allar til afgreiðslu hjá okkur. Skv.

skýrslu menntamálaráðuneytis um innritun tók skólinn inn 88% af nemendum tíunda bekkjar sem sóttu um skólann og komu úr grunnskólum Hafnarfjarðar.

Skólinn ber höfuð og herðar yfir aðra skóla Stór Hafnarfjarðarsvæðisins, - ef þetta er mælikvarði á annað borð. Nýjar reglur um innritun þar sem gert er ráð fyrir 45% heimabindingu angra ekki okkar vinnureglur.

Engar sérstakar breytingar voru gerðar á starfsemi skólans né námsframboði á árinu 2009.

Ársmemendur á vorönn reyndust 765, en á haustönn 844. Ársnemendur 2009 reyndust 805. Sá vandi er upp kominn að árgangar skólans eru að verða jafnstórir. Á móti kemur að vaxandi hópur gengur sína leið á skemmri tíma en fyrr. Á árinu 2010 er gert ráð fyrir 762 ársnemendum samkvæmt fjárlögum, en inni í þeirri tölu eru allt að 22 ársnemendur á starfsbraut. Hér er um að ræða nokkra fækkun ársnemenda milli ára sem er verulegt áhyggjuefni fyrir innritun fyrir haustönn 2010, ekki síst þar sem 22 nemendanna fylgir skert fjárveiting eða 60% af fullu verði. Þar sem nemendur vorannar 2009 eru fleiri en nokkru sinni áður. Alls bárust 113 umsóknir fyrir nám á vorönn 2009 sem er 46% fjölgun milli ára.

Samkvæmt tölum hins háa ráðuneytis eru 390 nemendur í Hafnarfirði úr tíunda bekk. Að auki bætast við ólöggráða nemendur sem inn munu sækja. 270 pláss eru fyrir þennan hóp í Hafnarfirði. Þá eru um tugur starfsbrautarnemenda og á annan tug nemenda sem eiga heima í úrræði sambærilegu fjölgreinadeild. Stjórnendur Flensborgarskólans vísa ábyrgð þess vanda sem örugglega mun upp koma alfarið til ráðuneytisins.

Starfsmannamál

Á vorönn var rætt um að efla skipurit skólans, m.a. með starfsmannasamtölum. Sumarið 2009 var skólanum boðið að taka þátt í stjórnendamati sem tilraunaverkefni á vegum Fjármálaráðuneytisins. Því var frestað svo mikil vinna var lögð í að efla starfsmannasamtölin á haustönn 2009.

Einnig er mikil vinna lögð í starfslýsingar.

Breyting á námsframboði.

Engar breytingar voru gerðar á námsframboði skólans á árinu 2009 og ekki eru fyrirhugaðar neinar stærri breytingar á námsframboði á árinu 2010, ef frá er talin breyting á skipulagi náms í fjölmiðlatækni skv. bréfi hins háa ráðuneytis.

Á árinu 2010 verður hins vegar lögð áhersla á að vinna að útfærslu á nýrri skólanámskrá samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum. Stefnt er að því að ný útgáfa verði sett í hendur ráðherra á Flensborgardaginn 1. október 2010. Mikil og blómleg vinna fer fram um málið og hefur fallið vel innan ramma kjarasamninga. Samstarf hefur verið við FG og ME og var tvívegis fundað á árinu sem fyrr segir.

Reksturinn

Skólinn hefur á undanförunum árum gengið í gegnum miklar breytingar á húsnæði, stækkun þess og samfara því mikla fjölgun nemenda og breytingu á samsetningu þeirra. Leitað hefur verið allra leiða til hagræðingar í almennum rekstri og nýtingu námshópa. Nýtingarhlutfall í námshópum var haldið við rétt um 100% við upphaf haustannar. Vandséð er að mikið lengra verði náð í nýtingu námshópa án verulegrar skerðingar á námsframboði sem aftur mundi hafa áhrif á námsframvindu fjölda nemenda.

Kostnaður sem skólinn hefur endurtekið þurft að bera í tengslum við þær viðamiklu byggingarframkvæmdir og breytingar á eldri húsum hefur haft

töluverð neikvæð áhrif á reksturinn á undanförunum árum. Þá situr skólinn með áralangan hala skulda sem rekja má að hluta allt aftur til viðskilnaðar Fiskvinnsluskólans. Á árinu var leitast til um samstarf við nýjan framhaldsskóla í Grindavík, að skólinn taki að sér fjölgreinanám o.fl. Það hefur verið einörð afstaða að axla ekki slík verkefni fyrir en böndum verður komið á skuldir. Miklu fremur væri að halda áfram fjarnámi fyrir grunnskólanema enda skilar það skólanum hagnaði til lengri tíma.

Niðurstaða rekstrar skólans á árinu 2009 var neikvæður sem nam réttum 16 milljónum. Samt sést í reikningum að dregið var úr rekstrarkostnaði um 14 milljónir og tekjur jukust um liðlega 2,5 milljónir. Þetta er sem nemur halla ársins.

Styrkir og framlög jukust um á sjöttu milljón að auki.

Launaútgjöld jukust um 10% vegna staðgengla og aukinna umsvifa vegna fjölda nemenda. Við þennan lið er erfitt að ráða nema skera burtu þjónustu og stoðkerfi. Stoðkerfi skólans hefur myndað þétt net utanumhalds, aukið fjölda þeirra sem fara alla leið í námi og dregið úr brottfalli. Ef þetta net er skorið og skemt þarf ekki mikil vísindi til að ráða í afleiðingar þess. Annar rekstrarkostnaður jókst um 20%, þó sumir liðir lækkuðu. Hækkunin skýrist af rekstarleigusamningum sem hækkðu um helming og matarverði.

Þá hækkaði húsaleiga og vísast í umræður þar um á fundum skólameistara með ráðuneytinu. Við þessa liði verður vart ráðið.

Minnt er á eftirfarandi klausu úr skýrslu frá 2009: „Þegar endurbygging og breytt nýting eldri húsa var ákveðin þá var ekki gert ráð fyrir neinu fé til kaupa á stofnbúnaði eftir breytingar. Í nýbygginguna var hins vegar gert ráð fyrir framlagi til stofnbúnaðar samkvæmt reglum.

Útgjöld vegna stofnbúnaðar í eldri húsin voru af stjórnendum skólans varlega áætlaðar 20 milljónir enda var m.a. verið að endurbyggja og úrbúa upp á nýtt bókasafn, tvær raungreinastofur og þrjár tölvukennslustofur.

Skólinn hefur ítrekað sótt um framlag til að mæta þessum útgjöldum til Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins þar sem þetta eru útgjöld sem beinlínis má rekja til breytinga sem voru nauðsynleg samfara nýbyggingu.

Hafnarfjarðarbær féllst á rök skólans, skildi þörfina og hefur greitt sinn hluta í þessum kostnaði. Engin svör né önnur viðbrögð hafa hins vegar fengist frá Menntamálaráðuneytinu né öðrum að hálfu ríkisins vegna þessa þrátt fyrir erindi bæði af hálfu skólans og Hafnarfjarðarbæjar.

Það er með öllu óviðundandi að aldrei hafi verið tekin afstaða til þessa erindis í Menntamálaráðuneytinu og því svarað með formlegum hætti.“

Og þessa:

„Á árinu 2008 fékk skólameistari excelútgáfu reiknilíkans fyrir skólann. Í kjölfar þess var send athugasemd og fyrirspurn til Menntamálaráðuneytisins varðandi útreikninga og niðurstöðu líkansins fyrir skólann. Enn hafa engin svör borist við þeirri fyrirspurn sem er óásættanlegt.“ Skv. upplýsingum þáverandi skólameistara hafa ekki borist ásættanlegar skýringar enn, þó segja meggi að svar hafi borist.

Verið er að kanna notagildi opins eða frjáls hugbúnaðar.

Á síðustu árum hefur verið farið í víðtækar aðgerðir innan skólans til að hagræða í rekstri samfara stækkun skólans. Miklu aðhaldi hefur verið beitt við

nýráðningar starfsfólks. Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda hefur starfsmönnum á skrifstofu, stjórnun og við ýmsa stoðþjónustu ekki fjölgað á sama tíma. Rekstur skólans, innan hvers árs, hefur verið í jafnvægi undanfarin þrjú ár þrátt fyrir þau auka útgjöld sem hafa tengst framkvæmdunum. Ef þau útgjöld hefðu ekki fallið á skólann í svo miklum mæli væri niðurstaða rekstrar þessi ár betri sem því næmi. Á það skal bent að námsráðgjafar glíma við mjög þung verkefni þessi misserin og þegar þetta er ritað eru hafnfirskar stofnanir í mikilli vinnu vegna sjálfsvíga í bænum. Gott væri að fá frá ráðuneytinu vegvísi í hvaða forgangsroð eigi að beita hnífum niðurskurðar.

Þar sem á undanförunum árum hefur verið hagrætt gríðarlega mikið í öllum rekstri innan skólans er vandséð að unnt verði að bregðast við þessum eða frekari niðurskurði án þess að skerða þjónustu skólans við nemendur og nærsamfélagið. Það er unnt að gera. Verði í þeim niðurskurði einungis litið til þeirra þátta í rekstri skólans sem er óhagkvæmastur og því eðlilegast að skera niður mun það hafa mikil áhrif á vissan hóp nemenda, þá sem höllustum fæti standa námslega, félagslega eða tilfinningalega. Það getur síðan aftur leitt til verulega aukinna útgjalda eða erfiðleika hjá öðrum stofnunum samfélagsins.

Þess vegna er mjög mikilvægt að tekin verði pólitísk ákvörðun um hvar sú skerðing eða sparnaður sem er nauðsynlegur á að koma niður.

Lokaorð

Á árinu 2009 gekk margt vel í rekstri skólans, þó fjármálasveiflur hafi valdið erfiðleikum. Stjórnendur skólans hafa náð að tengja starf hans við stoðkerfi og grunnskóla Hafnarfjarðar svo nú erum við með í ráðum þegar skólapólitík og félagsleg úrræði eru til umræðu. Aðsókn að skólanum er mikil og sérlega áberandi að allnokkur hópur nemenda sem hófu nám við skóla í Reykjavík snúa til baka. Bætt húsnæðismál og öflugt innra starf, agi og aðhald auk þeirra upplýsinga sem við fáum frá háskólum benda til þess að skólinn sé á réttri leið þó svo hann sé almennur fjölbrautaskóli. Haustið 2009 hóf stór hópur stúdenta úr Flensborgarskólanum nám í verkfræði og stendur sig vel. Forystumenn í félagslíf HA, HR og H Bifröst eru stúdentar frá okkur. Miðað við rými skólans er hann fullnýttur þegar í honum eru um 800 nemendur, þar af 15-20 á starfsbraut. Þá er dýrt að halda úti því öflugra tölvukerfi sem í skólanum er og endurnýja það. Hins vegar mælist mikil vellíðan í húsinu og félagslíf nemenda er í vaxandi mæli til bóta.

Á fjárlögum 2010 er enn og aftur gert ráð fyrir fækkun ársnemenda við skólann, þvert á tillögu stjórnenda skólans og þrátt fyrir að allar rauntölur sýni þveröfuga þróun auk annarra vísbendinga.

Aldrei hafa fleiri nemendur verið skráðir við nám en árið 2009. Komi ekki til breyting á fjölda ársnemenda er ljóst að það stefnir í mikil vandkvæði við innritun í Hafnarfirði á komandi sumri þar sem Flensborgarskólinn mun bara geta innritað lítið brot af væntanlegum umsækjendum.

Þessi óvænta tillaga um fækkun ársnemenda milli ára mun einnig skapa aukin vandræði við að ná fram þeirri hagræðingu og sparnaði sem gert er ráð fyrir í rekstri á árinu.

Hér er um að ræða mál sem mjög brýnt er að endurskoða og óskandi væri að tekin væri afstaða til þess áður en kemur að innritunarferlinu í maí 2010.

Á árinu nutum við þess heiðurs að vera valin sem vettvangur fyrir ljósmyndasýningu í tilefni af samnorrænum loftslagsdegi. Kom mennta- og menningarmálaráðherra í heimsókn af því tilefni. Kór skólans söng og nemendur sýndu stoltir ýmsa hluta skólans síns. Er það von mín að hið háa ráðuneyti muni að það er ýmislegt gott að sækja í Flensborg og nágrannaskóla þegar sækja þarf leikhópa, listamenn, íþróttamenn og kóra.

1. apríl 2010



Magnús Þorkelsson
skólameistari